



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 333. mál**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.), 333. mál.

Samtökin benda á, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, að tekið hefur verið tillit til einstakra ábendinga sem umsagnaraðilar höfðu fram að færa þegar málið var til umfjöllunar á fyrra löggjafarþingi. Samtökin fagna því að í fyrirliggjandi frumvarpi hafi verið tekið tillit til einstakra ábendinga samtakanna.

Að gefnu tilefni telja samtökin þó ástæðu til að ítreka þau sjónarmið sem þau hafa komið á framfæri við undirbúning málsins hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sem og fyrri þinglegum meðferðum laga um meðhöndlun úrgangs sem og löggjafar um Úrvinnslusjóð, og viðkemur heimildum sveitarfélaga til að innheimta gjöld vegna raf- og raftækjaúrgangs. Af þeim umsögnum sem þegar hafa borist um fyrirliggjandi frumvarp má ráða að sveitarfélög telji ekki ástæðu til að fylgja eftir þeirri leið sem fram kemur í fyrirliggjandi frumvarpi, og sett er fram af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, þ.e. að leitað verði leiða til leysa þau ágreiningsmál sem uppi eru á vettvangi Úrvinnslusjóðs. Þvert á móti má ráða af umræddum umsögnum að sveitarfélög geri enn eina tilraun til að hafa áhrif á þetta mál á vettvangi Alþingis.

Hvað þetta mál varðar, og til upplýsingar fyrir nefndarmenn umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, vísast hér til meðfylgjandi erindis þar sem ýmis atvinnurekendasmál sem eiga sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs sendu athugasemdir sínar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Er í umræddu erindi á skýran hátt gerð grein fyrir álitamáli þessu og á rökstuddan hátt hrakin sjónarmið sveitarfélaga í málinu. Telja samtökin að tilvísad erindi eigi að fullum fetum við í máli þessu og gera þau þær athugasemdir að umsögn sinni um frumvarpið.

Til frekari upplýsingar vekja samtökin athygli umhverfis- og samgöngunefndar á meðfylgjandi nefndarálitum þáverandi umhverfisnefndar. sbr. þskj. 1155 – 327. mál á 135. löggjafarþingi, þar sem á bls. 2 í álitinu er auðkennd umfjöllun um svokallaða framleiðendaábyrgð sem er hér til umfjöllunar. Þá vísast einnig til meðfylgjandi erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 14. apríl 2016, á Úrvinnslusjóð þar sem tekinn er af allur vafi um kostnað við geymslu raf- og raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.



Er sjónarmiðum sveitarfélaga alfarið mótmælt hvað þetta atriði varðar og skorað á umhverfis- og samgöngunefnd taka undir þau sjónarmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis að mál þetta verði leyst á vettvangi Úrvinnslusjóðs.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson  
f.h. SA

Bryndís Skúladóttir  
f.h. SI

Lárus M. K. Ólafsson  
f.h. SVP

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Laufey Helga Guðmundsdóttir  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2017  
Tilv. yðar: UMH16120057

## Efni: Frumvarp um meðhöndlun úrgangs

Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 23. desember 2016, þar sem kynntur er fyrir hagsmunaaðilum undirbúningur að endurflutningi umhverfis- og auðlindaráðherra á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur sem lagt var fram á Alþingi á síðasta þingi, sbr. þingskjal 1098 í 670. máli á 145. löggjafarþingi.

Fram kemur í erindinu að í umsagnarferli tilvísaðs frumvarps vöktu einstaka umsagnaraðilar athygli á ágreiningi sem hefur verið um kostnað sveitarfélaga og greiðslur frá Úrvinnslusjóði vegna móttöku og geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs þó svo að þau mál vörðuðu á engan hátt efni fyrirbyggjandi frumvarps. Eftir sem áður telur umhverfis- og auðlindaráðuneyti í erindi sínu ástæðu til að taka tillit til framkominna athugasemda og hefur gefið hagsmunaaðilum kost á að koma á framfæri tillögum að lagabreytingum vegna þessa atriðis.

Samtökin fagna því að vera veittur kostur á að koma á framfæri athugasemdum hvað þetta tiltekna álitamál varðar enda um að ræða verulega hagsmuni fyrir aðildarfyrirtæki samtakanna að gætt sé að því að úrgangslöggjöf hér á landi sé í takt við þær sameiginlegu reglur sem um þann málaflökk gilda á grundvelli sammingsins um Evrópska efnahagssvæðisins og afleiddri löggjöf sammingsins. Að sama skapi er einnig mikilvægt að framkvæmd gjaldtöku opinberra aðila, þ.m.t. sveitarfélaga, sé hafin yfir allan vafa hvað varðar eftirfylgni með grundvallarreglum stjórnisýsluréttarins, s.s. kröfur hvað varðar innheimtu þjónustugjalda.

Samtökin benda einnig á að þau, að undaskildum Samtökum atvinnulífsins, skipa fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs og á þeim vettvangi hefur undanfarin ár átt sér reglulega stað, eins og ráðuneytinu er vel kunnugt um, umræða hvað varðar það álitamál sem hér er til skoðunar. Að sama skapi hefur mál þetta komið til umfjöllunar á vettvangi Alþingis þar sem m.a. hefur verið kveðið á um hver heimild sveitarfélaga er til gjaldtöku vegna þess úrgangs sem hér um ræðir. Því telja samtökin mikilvægt að við afgreiðslu umhverfis- og auðlindaráðuneytis á þessu álitamáli verði tekið fullt tillit til þeirra fordæma, sem m.a. stafa frá Alþingi og ráðuneytinu sjálfu hvað þetta mál varðar enda mikilvægt að tryggja festu í eftirfylgni með samevrópskum kröfum á þessu sviði. Í ljósi þessa vilja samtökin ítreka sérstaklega eftirfarandi atriði.

Fyrir það fyrsta benda samtökin á að regluverk hvað varðar raf- og rafeindaúrgang grundvallast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012. Tilskipun þessi var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2015 frá 10. júlí. Í umræddri ákvörðun er ekki að finna sérstakar undanþágur eða aðlaganir sem sótt var um eða veittar voru og því ber að innleiða þá tilskipun hér á landi í samræmi við þær skuldbindingar sem þar koma fram.

Að gefnu tilefni vísa samtökin hér til 12. gr. tilskipunarinnar, sem fjallar um fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindaúrgangs frá heimilum þar sem í 2. mgr. ákvæðisins segir eftirfarandi: „*Member States may, where appropriate, encourage producers to finance also the costs occurring for collection of WEEE from private households to collection facilities.*“ Í íslensku þýðingu tilskipunarinnar er málsgreining svohljóðandi: „*Aðildarríkin geta, eftir því sem við á, hvatt framleiðendur til að fjármagna einnig kostnað vegna söfnunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum til söfnunarstöðva.*“

Eins og fram kemur í tilvísaðri málsgrein er um að ræða mjög svo opið heimildarákvæði, sbr. tilvísun til „*may, where appropriate, encourage*“, þ.e. að ríki geta eftir atvikum hvatt innflytjendur og framleiðendur til að taka þátt í tilteknum viðbótarkostnaði við söfnun úrgangs. Þá má ekki ráða af umræddri málsgrein að ríki geti tekið frumkvæði hvað varðar slíka framkvæmd, s.s. með lagasetningu, heldur verður slíkt frumkvæði að koma frá framleiðendum hverju sinni eftir atvikum í kjölfar hvatningar ríkis þess efnis. Slík hvatning getur hins vegar ekki afnumið frumkvæðisskyldu framleiðenda á nokkurn hátt eða falið þeim tiltekið hlutverk án þeirra samþykkis.

Því næst ítreka samtökin að fyrir liggur túlkun löggjafans hvað varðar fjármögnun vegna aðstöðu á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Vísast hér til nefndarálits umhverfisnefndar Alþingis, þskj. 1155 – 327. mál, á 135. löggjafarþingi 2007 – 2008, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Í umræddu álit segir m.a.:

*„Nefndin telur að ganga skuli lengra við innleiðingu framleiðendaábyrgðar með þeim hætti að kostnaður af rekstri aðstöðu gámasvæða hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga falli á framleiðendur og innflytjendur. Telur nefndin að þannig sé komið til móts við þann kostnað sem fallið hefði á sveitarfélögin við rekstur aðstöðu söfnunargámana. Aftur á móti áréttar nefndin að sveitarfélögum er skylt að bjóða þessa aðstöðu og koma henni upp sé hún ekki fyrir hendi. Með þessu móti nær framleiðendaábyrgðin jafnframt til geymslu úrgangs raf- og rafeindatækja frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Áréttar nefndin að sveitarfélögum skuli heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu á söfnunarstöðvum sínum en ekki til að greiða kostnað við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi. Gjaldið skal ákveðið af ráðherra að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Leggur nefndin til breytingar þessu til samræmis.“*

Eins og fram kemur með skýrum hætti í umræddu nefndarálit þá hefur löggjafinn kveðið upp sitt álit hvað varðar greiðslur á grundvelli framleiðendaábyrgðar er viðkemur aðstöðu á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Samkvæmt því álit tekur greiðsluskylda á grundvelli þeirrar ábyrgðar eingöngu til afnota af aðstöðu en ekki til kostnaðar við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi.

Þá benda samtökin á að umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur tekið undir framangreint álit umhverfisnefndar Alþingis og vísast hér m.a. til svarbréfs ráðuneytisins, dags. 14. apríl 2016, sem sent var á Úrvinnslusjóð í kjölfar fyrirspurnar stjórnar sjóðsins hvað varðar umrædda greiðsluskyldu og mörk hennar. Í svarbréfinu er vísað til umrædds álits og segir í bréfinu að umhverfisnefnd Alþingis hafi í álitinu talið að þannig, þ.e. með breytingum sem gerðar voru á

úrgangslöggjöfnum, yrði komið til móts við þann kostnað sem fallið hefði á sveitarfélögin við rekstur aðstöðu söfnunargáma en árréttaði að sveitarfélögum væri skylt að bjóða upp á þessa aðstöðu og koma henni upp væri hún ekki fyrir hendi. Þá segir einnig í svarbréfi ráðuneytisins orðrétt:

*„Rétt er að ítreka að tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang (hvorki eldri tilskipun 2002/96/EB né uppfærð tilskipun 2012/19/ESB) gerir ekki kröfu um að framleiðendur og innflytjendur beri kostnað við geymslu þessa úrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og hefur því verið gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi en í löndunum í kringum okkur.“*

Var það niðurstaða ráðuneytisins að með hliðsjón af því að gengið var lengra í innleiðingu tilskipunar um raf- og rafeindatæki hér á landi, að engin grundvallarbreyting var gerð á framleiðendaábyrgð þegar horfið var frá fyrirkomulagi skilakerfa yfir í svokallað úrvinnslugjaldakerfi og skýringu á a. lið 48. gr. laga um meðhöndlun úrgangs eftir orðanna hljóðan þá beri að skýra það ákvæði á þá vegu að aðrir kostnaðarliðir en landnotkun falli ekki undir það ákvæði á grundvelli framleiðendaábyrgðar.

Benda samtökin á að fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytis var boðaður á 221. fund stjórnar Úrvinnslusjóðs sem haldinn var þriðjudaginn 12. apríl 2016, til að ræða um mál þetta. Á umræddum fundi kom fram af hans hálfu að eftir skoðun á gögnum hafi fundist staðfesting á því að einungis skuli miða við það rými gáms sem þarf á starfssvæði sveitarfélaga þegar meta skal kostnað sem greiða skuli sveitarfélögum á grundvelli framleiðendaábyrgðar. Þá ítrekaði fulltrúi ráðuneytisins á fundinum að í áður nefndu nefndaráli umhverfisnefndar Alþingis sé áréttað að sveitarfélögum skuli heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu á söfnunarstöðvum sínum en ekki til að greiða kostnað við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi. Loks kom fram í máli fulltrúa ráðuneytisins að sú breyting sem Alþingi gerði á lögnum við meðferð málsins hafi gengið lengra en viðeigandi tilskipun EES-samningsins gerir framleiðendum að greiða sveitarfélögum fyrir geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs og því beri að túlka viðeigandi ákvæði héraðs laga þröngt hvað það varðar.

Af framangreindu má því ráða að innleiðing íslenskra stjórnvalda á viðeigandi EES-gerðum hefur gengið lengra en efni stóðu til og því vakna áleitnar spurningar um hugsanleg brot gegn EES-skuldbindingum ríkisins. Ítrekast hér að um er að ræða samevrópskt regluverk á innri markaði EES-samningsins sem tekur til starfsemi þvert á landmæri. Því kunna strangari reglur hér á landi en í öðrum EES-ríkjum eftir atvikum að raska starfsskilyrðum og um leið samkeppni á samningssvæðinu. Því telja samtökin með öllu óásættanlegt að gengið verði enn lengra en núgildandi EES-gerðir heimila hvað varðar útfærslu á framleiðendaábyrgð líkt og krafa sveitarfélaga felur í sér.

Að mati samtakanna má ráða af erindum sem borist hafa stjórn Úrvinnslusjóðs, m.a. frá SORPU, að sveitarfélög hafi teygst sig langt hvað varðar tillögur um gjalddöku þannig að ekki hafi að fullu verið unnt að greina með fullnægjandi hætti réttmætan kostnað frá öðrum tilfallandi og óskyldum kostnaði. Þannig hafi ýmis óskyldur rekstrarkostnaður verið heimfærður undir kostnað vegna raf- og rafeindatækja án þess að heimild hafi verið fyrir slíkri framkvæmd. Því telja samtökin hætt við því að verði sveitarfélögum heimilað að rýmka gjalddöku sína frá því sem nú er þá kunni sú gjalddöku að víkja frá sjónarmiðum varðandi áður nefndan kostnað og þeim aðilum sem framleiðendaábyrgð hvílir á verði þannig gert að greiða annan óskyldan


kostnað sem fellur á sveitarfélög vegna starfsemi og reksturs söfnunarstöðva. Er því hætt við að greiðsla á grundvelli framleiðendaábyrgðar verði á skjön við þær reglur sem gilda m.a. um innheimtu þjónustugjalda.


Samtökin áréttu einnig í máli þessu að verði núverandi framkvæmd breytt í samræmi við einhliða kröfur sveitarfélaga þess efnis þá eru forsendur fullkomlega brostnar hvað varðar þau sjónarmið sem ríktu um flutning á umsjón með meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá skilakerfum til Úrvinnslusjóðs. Samkvæmt þeim sjónarmiðum sem lágu þeirri breytingu m.a. til grundvallar átti allur tilkostnaður að lækka sem ekki er raunin ef gjaldtökuheimild sveitarfélaganna verður víkkuð enn frekar en nú er raunin. Þá ítrekast einnig að ekki liggur fyrir hvað hafi breyst er varðar útreikning söfnunarstöðva sveitarfélaga á kostnaði við meðhöndlun á þessum úrgangi frá því að skilakerfin voru rekin á sínum tíma og umhverfis- og auðlindaráðuneyti gaf út reglugerð um greiðslur til sveitarfélaga vegna þessa. Felur því einhliða krafa sveitarfélaga um heimild til víðtækari gjaldtöku í sér hættu á að sú gjaldtaka taki til innheimtu á víðtækari kostnaði en þeim sem á þau fellur við að halda úti söfnunargámum fyrir raf- og rafeindatæki.

Með vísan til framanritaðs leggjast samtökin alfarið gegn því að við framlagningu á boðuðu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, verði gerðar breytingar á núverandi fyrirkomulagi hvað varðar greiðslur til söfnunarstöðva sveitarfélaga á grundvelli framleiðendaábyrgðar.


Er framangreindum athugasemdum samtakanna hér með komið á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneyti og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir að svo komnu máli. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu ráðuneytisins.


Virðingarfyllst,

  
Ólafur P. Stephensen  
f.h. FA

  
Pétur Reimarsson  
f.h. SA

  
Guðfinnur G. Johnsen  
f.h. SFS

  
Bryndís Skúladóttir  
f.h. SI

  
Lárus M. K. Ólafsson  
f.h. SVP



Úrvinnslusjóður  
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 14. apríl 2016  
Tilv.: UMH16030087/

Efni: Kostnaður við geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur farið þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að túlka a. lið 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, þar sem segir að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skuli kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, sbr. tölvupóst framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs 17. mars 2016. Sérstaklega var óskað eftir útskýringu á þeim forsendum sem lágu að baki setningu gjaldskrár nr. 357/2009, um afnot skilakerfa af aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum. Greint var frá neðangreindum niðurstöðum á stjórnarfundum Úrvinnslusjóðs 12. apríl sl.

Með lögum nr. 73/2008, um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, var framleiðandaábyrgð á raf- og rafeindatækjum innleidd með fyrirkomulagi skilakerfa þannig að lagðar voru skyldur á framleiðendur og innflytjendur þessara tækja að safna og meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang á landinu öllu. Í frumvarpi því er varð að framangreindum lögum (þskj. 522 í 327. máli á 135. löggjafarþingi) var lagt til í b. lið 2. gr. að í ábyrgð framleiðanda og innflytjenda fælist að þeir skuli fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og geymslu þar. Í meðförum þingsins á frumvarpinu lagði umhverfisnefnd til að gengið yrði lengra við innleiðingu framleiðendaábyrgðar en frumvarpið lagði til þannig að kostnaður af rekstri aðstöðu gámasvæða hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga félli á framleiðendur og innflytjendur (sjá nefndarálit þskj. 1155 í 327. máli á 135. löggjafarþingi). Taldi umhverfisnefnd að þannig yrði komið til móts við þann kostnað sem fallið hefði á sveitarfélögin við rekstur aðstöðu söfnunargámanna en áréttaði að sveitarfélögum væri skylt að bjóða þessa aðstöðu og koma henni upp væri hún ekki fyrir hendi. Í breytingartillögum umhverfisnefndar við frumvarpið (þskj. 1156 í 327. máli 135. löggjafarþingi) var því að finna ákvæði um að hlutverk skilakerfis væri að kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Einnig var að finna þar heimild til handa sveitarfélögunum að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setti að fenginni tillögu stýrinesnefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Rétt er að ítreka að tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang (hvorki eldri tilskipun 2002/96/EB né uppfærð tilskipun 2012/19/ESB) gerir ekki kröfu um að framleiðendur og innflytjendur beri kostnað við geymslu þessa úrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og hefur því verið gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi en í löndunum í kringum okkur.

Hefur framangreint lagaákvæði um að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skuli kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga verið í lögum um

meðhöndlun úrgangs síðan 2008. Ákvæðinu var ekki breytt efnislega eftir að horfið var frá framleiðandaábyrgð í formi skilakerfa yfir í útfærslu á framleiðandaábyrgð með þeim hætti að úrvinnslugjald var lagt á raf- og rafeindatæki, sbr. breytingar sem gerðar voru á lögum um meðhöndlun úrgangs með lögum nr. 63/2014.

Gjaldskrá um afnot skilakerfa af aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum var sett 24. mars 2009. Gjaldinu var skipt í gjaldflokka eftir stærð og umfangi söfnunar á söfnunarstöð og var 60 þúsund kr. á gám ári á stórri söfnunarstöð, 36 þúsund kr. á gám á ári fyrir meginsöfnunarstöð í héraði og 24 þúsund kr. á gám á ári á lítilli söfnunarstöð. Af gögnum í málaskrá ráðuneytisins um undirbúning gjaldskrárinnar má ráða að upphæðirnar í gjaldskránni tóku eingöngu mið af landnotkun, þ.e. rými undir gám fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang auk nauðsynlegs athafnasvæði við gáminn.

Með hliðsjón af því að gengið var lengra í innleiðingu tilskipunar um raf- og rafeindatæki hér á landi, að engin grundvallarbreyting var gerð á framleiðandaábyrgð þegar horfið var frá fyrirkomulagi skilakerfa yfir í svokallað úrvinnslugjaldakerfi og skýringu margumrædds lagaákvæðis eftir orðanna hljóðan er það mat ráðuneytisins að skýra beri a. lið 48. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þannig að aðrir kostnaðarliðir en landnotkun falla ekki undir ákvæðið.

Eyfir hönd ráðherra

  
Steinunn Fjöla Sigurðardóttir

  
Laufey Helga Guðmundsdóttir



## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Kristínu Lindu Árnadóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar, Glóeyju Finnsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Guðjón Bragason og Björn Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Jón H. Steingrímsson og Elías Ólafsson frá Efnamóttökunni og Pál Gunnar Pálsson og Evu Ómarsdóttur frá Samkeppniseftirlitinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóði, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samkeppniseftirlitinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg, Sorpmeðhöndlun Akranesbæjar, Sorpmeðhöndlun á Hrafnkelsstöðum, Sorpbrennslunni Funa, Sorpsamlagi Miðausturlands, Sorpu, Sorpurðun Vesturlands, Efnamóttökunni og Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipanir 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB um breytingu á tilskipun 2002/96/EB. Stjórnskipulegum fyrirvara þessara tilskipana var aflétt með þingsályktun 6. desember 2006.

Frumvarpið felur í sér meginreglu um framleiðendaábyrgð þar sem lagðar eru skyldur á framleiðendur og innflytjendur að safna og meðhöndla raftækja- og rafeindatækjaúrgang á landinu öllu. Með þessu er ábyrgð framleiðenda og innflytjenda aukin með það að markmiði að minnka kostnað og umhverfisáhrif vegna meðhöndlunar úrgangs. Hugsunin að baki framleiðendaábyrgð er að framlengja ábyrgð framleiðenda á vöru sinni og ná þannig m.a. yfir umhverfiskostnað vegna förgunar vörunnar. Verði frumvarpið að lögum verða framleiðendur og innflytjendur jafnframt ábyrgir fyrir fjármögnun þessa. Þetta er breyting frá því kerfi sem nú er viðhaft þar sem þessi ábyrgð er hjá sveitarfélögum eða ríki og kostuð með almennri skattlagningu eða gjaldtökuheimildum á heimili eða fyrirtæki. Aðildarríkin verða aftur á móti að setja lög sem tryggja að framleiðendur og innflytjendur setji upp kerfi til meðhöndlunar á raf- og rafeindatækjaúrgangi og standi straum af kostnaði þess. Með þessum breytingum eru framleiðendur hvattir til að hanna vöru þannig að auðvelt verði að endurnýta hana eða endurnota. Til þess að uppfylla þessa ábyrgð sína heimilar frumvarpið að þeir geti tekið sig saman og stofnað fyrirtæki sem tekur yfir þessa ábyrgð þeirra, svokallað skilakerfi, en jafnframt staðið einir. Í frumvarpinu má finna hvatningu til framleiðenda og innflytjenda til að koma á fót skilakerfi þar sem heimilt er að undanþiggja kerfið ábyrgðartryggingu hafi það ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og sé með tiltekna markaðshlutdeild. Er skilakerfum heimilt á grundvelli frumvarpsins að skipta með sér landsvæðum til að stuðla að hagkvæmri söfnun úrgangsins. Umsjón með starfsemi skilakerfanna er í höndum nýrrar stýrinefndar sem samkvæmt frumvarpinu er stjórn Úrvinnslusjóðs, og er stofnun hennar og rekstur fjármagnaður af skilakerfum með gjaldtöku.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið. Þau atriði sem mesta umfjöllun fengu voru hversu langt framleiðendaábyrgðin skyldi ná, hlutverk og skipan stýrinesndar, stofnun skilakerfa og möguleg skörun ákvæða frumvarpsins við samkeppnislög, nr. 44/2005.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Kemur þar fram að þeir skuli fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga og geymslu þar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram það sjónarmið að framleiðendaábyrgð ætti að hefjast hjá neytendum en ekki en við flutning úrgangs frá sorpvinnslustöðvum sveitarfélaga. Að öðrum kosti má ætla að aukinn kostnaður leggist á sveitarfélögin verði frumvarpið að lögum enda felst í því að sveitarfélögum er þá skylt að bjóða upp á aðstöðu til flokkunar raftækjaúrgangs af mismunandi toga á söfnunarstöðvum þeirra. Enn fremur segir í umsögn Sorpu að þróun á vegum Evrópusambandsins sé í þá átt að færa framleiðendaábyrgðina nær neytandanum og beri framleiðendur þar af leiðandi þann kostnað sem samkvæmt frumvarpinu fellur á sveitarfélögin. Því sjónarmiði var einnig hreyft fyrir nefndinni að orðalagið „söfnunarstöðvar sveitarfélaganna“ fæli í sér ákveðna mismunun gagnvart einkareknum söfnunarstöðvum. Á móti þessu hafa komið fram sjónarmið neytenda um að óhagræði og óvissa skapist fyrir neytendur þurfi þeir að fara til mismunandi staða til að losa sig við mismunandi tegundir úrgangs. Tekur nefndin undir þau sjónarmið, sér í lagi þar sem sveitarfélög sjá almennt um sorpvinnslu. Nefndin telur að ganga skuli lengra við innleiðingu framleiðendaábyrgðar með þeim hætti að kostnaður af rekstri aðstöðu gámasvæða hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga falli á framleiðendur og innflytjendur. Telur nefndin að þannig sé komið til móts við þann kostnað sem fallið hefði á sveitarfélögin við rekstur aðstöðu söfnunargámanna. Aftur á móti áréttar nefndin að sveitarfélögum er skylt að bjóða þessa aðstöðu og koma henni upp sé hún ekki fyrir hendi. Með þessu móti nær framleiðendaábyrgðin jafnframt til geymslu úrgangs raf- og rafeindatækja frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Áréttar nefndin að sveitarfélögum skuli heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu á söfnunarstöðvum sínum en ekki til að greiða kostnað við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi. Gjaldið skal ákveðið af ráðherra að fenginni tillögu stýrinesndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Leggur nefndin til breytingar þessu til samræmis.

Mikil umræða fór fram innan nefndarinnar um skilakerfi sem frumvarpið kveður á um en framleiðendur og innflytjendur eiga að uppfylla skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi, sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins. Hlutverk skilakerfa er að tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga á öllu landinu og tryggja að úrgangurinn sé meðhöndlaður af til þess bærum aðilum, sbr. 1. mgr. e-liðar 2. gr. frumvarpsins. Skulu skilakerfin fjármögnuð af framleiðendum og innflytjendum. Í fjölmörgum umsögnum var gerð athugasemd við þetta nýja kerfi. Komu fram sjónarmið um að einfaldara væri að nýta Úrvinnslusjóð og fella raf- og rafeindatækjaúrgang undir lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Það hefur aftur á móti komið skýrt fram hjá fulltrúum ráðuneytisins og Samtökum atvinnulífsins að ekki sé hægt að fara þá leið. Slíkt fari gegn meginhugsun tilskipunarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir afdráttarlausri ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum allt frá framleiðslu til meðhöndlunar þeirra sem úrgangs. Mikill hluti þessarar ábyrgðar felst í skipulagningu, yfirumsjón og eftirfylgni skilakerfisins sem sinnt skal af stýrinesnd. Í frumvarpinu er farin sú leið að setja á stofn slíka stýrinesnd en stjórn Úrvinnslusjóðs skal annast hlutverk hennar. Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að Evrópulöggjöf sé í auknum mæli að þróast í þá átt að auka framleiðendaábyrgð og því væri

Það fyrirkomulag sem Úrvinnslusjóður byggist á mögulega á undanhaldi. Er það álit nefndarinnar að því sé rétt að hafa sjálfstæða stýrinefnd sem skipuð er fulltrúum atvinnulífsins, ásamt einum fulltrúa án tilnefningar, enda leggur nefndin til að framleiðendaábyrgð verði aukin og að skilakerfi skuli greiða sveitarfélögum fyrir aðstöðu gámasvæða á söfnunarstöðvum þeirra. Er þetta í meira samræmi við tillögu nefndar sem skipuð var til að semja drög að frumvarpi þessu. Aftur á móti telur nefndin rétt að nýta þá þekkingu og reynslu sem er hjá Úrvinnslusjóði og veita stýrinefnd heimild til að semja um að hluti verkefna hennar skv. a–d-lið 2. mgr. f-liðar 2. gr. frumvarpsins verði falinn öðrum. Nefndin leggur til breytingar þessu til samræmis. Áréttar nefndin að þessari tillögu er ætlað að tryggja að sú þekking sem Úrvinnslusjóður býr yfir nýtist. Samhliða þessari tillögu verður jafnframt að gera ákveðnar breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, til að opna fyrir heimild Úrvinnslusjóðs til að gera slíka samninga. Leggur nefndin til að sú heimild einskorðist við verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og því sé ekki um opna heimild að ræða til handa Úrvinnslusjóði. Nefndin telur einnig að jafnframt sé opnað á þann möguleika að sams konar framkvæmd geti verið viðhöfð verði þróunin sú að framleiðendaábyrgð verði tekin upp.

Eitt helsta umræðuefni innan nefndarinnar var ákvæði 4. mgr. e-liðar (18. gr.) 2. gr. þar sem kveðið er á um heimild skilakerfa til að skipta með sér landsvæðum með samningi með það að markmiði að stuðla að hagkvæmri söfnun raf- og rafeindaúrgangs. Skal stýrinefnd samþykkja slíkan samning eða synja. Nefndin óskaði sérstaklega eftir áliti Samkeppniseftirlitsins hvað þetta ákvæði varðar. Í áliti þess kom fram að lagaheimild sem þessi væri í ósamræmi við bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Varar Samkeppniseftirlitið við því að verði frumvarpið óbreytt að lögum og gámaþjónustufyrirtæki sem ráðandi eru á markaðnum taki að sér þessi verkefni geti það skapað hættu á frekari uppskiptingu markaða í tengslum við aðra starfsemi þessara fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið bendir aftur á móti á fyrirmynd í dönskum lögum þar sem ekki er gefin bein heimild í lagatexta fyrir skilakerfi til að skipta með sér landsvæði heldur sé heimilað að tilraunir skuli gerðar til að tryggja að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindaatækjaúrgangs fari fram með landfræðilega skynsamlegum hætti. Slíkt orðalag tryggir frekar að samkeppnissjónarmið séu höfð að leiðarljósi. Í dönsku lögnum er farin sú leið að veita ráðherra heimild til setningar reglugerðar til að kveða nánar á um söfnun, móttöku og meðhöndlun raf- og rafeindaatækjaúrgangs í landfræðilegu tilliti. Telur nefndin að rétt sé að fara þá leið að tilraunir í þessa átt skuli vera í höndum stýrinefndar sem hefur formann með sérstaka þekkingu á samkeppnismálum. Jafnframt skal nefndinni skylt að leita álits Samkeppniseftirlitsins við slíka vinnu. Leggur nefndin til breytingar í samræmi við þetta. Er það álit nefndarinnar að hér sé best tryggð skynsamleg söfnun úrgangs í sem bestu samræmi við samkeppnislög.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.  
Kristinn H. Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álit  
þessu.

Alþingi, 26. maí 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Illugi Gunnarsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Herdís Þórðardóttir.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr.

a. 1. mgr. a-liðar orðist svo:

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

b. Orðin „og til geymslu þar“ í 2. másl. 1. mgr. b-liðar falli brott.

c. Á eftir orðunum „innflytjenda á“ í 4. másl. 1. mgr. b-liðar, komi: geymslu og.

d. Við 1. mgr. e-liðar bætist nýr stafliður, er verði a-liður, svohljóðandi: kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.

e. Á eftir orðunum „Skilakerfi skal“ í 3. mgr. e-liðar komi: kosta geymslu.

f. 4. mgr. e-liðar falli brott.

g. Í stað „2. másl. 5. mgr.“ í 6. mgr. e-liðar, er verði 5. mgr., komi: 2. másl. 4. mgr.

h. 2. og 3. másl. 1. mgr. f-liðar falli brott.

i. Við f-lið bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar sem er formaður nefndarinnar og skal hafa sérþekkingu á samkeppnismálum.

Stýrinefnd getur leitað hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram með landfræðilega skynsömum hætti. Ber henni að leita eftir álitum Samkeppniseftirlits.

j. G-liður 2. mgr. f-liðar, er verði 4. mgr., orðist svo: móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

k. 4. mgr. f-liðar, er verði 6. mgr., orðist svo:

Stýrinefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara, svo sem stofnkostnaði, rekstri skráningarkerfis, sbr. 20. gr., og kostnaði við störf stýrinefndar. Skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýrinefnd um samsetningu gjalda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

- l. 5. mgr. f-liðar falli brott.
  - m. Við g-lið bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Stýrinefnd getur falið öðrum aðila að annast hlutverk stýrinefndar skv. a–d-lið 4. mgr. 19. gr. með samningi. Skulu ákvæði laganna um heimildir og skyldur stýr-  
nefndarinnar einnig gilda um samningsaðilann, svo sem um þagnarskyldu, sbr. 3.  
mgr. 21. gr.
  - n. A-liður 1. mgr. i-liðar orðist svo: fjölda gámastæða sem til staðar skulu vera fyrir  
skilakerfi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, sbr. 14. gr.
2. Við 6. gr.
    - a. Í stað orðanna „1. júní 2008“ komi: 1. október 2008.
    - b. Í stað orðanna „1. nóvember 2008“ komi: 1. janúar 2009.
  3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Við 15. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, bætist ný málsgrein er verði 5.  
mgr., svohljóðandi:  
Úrvinnslusjóði er heimilt að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla  
undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Slíkir samningar skulu samþykktir af  
ráðherra.